

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602-4410 Árnesi 801 Selfoss og
Björgunarsveitin Sigurgeir kt 430585-0539 Suðurbraut við Árnes 801 Selfoss**
gera með sér svohljóðandi

Samstarfs- og þjónustusamning

Um verkefni er Björgunarfélagið tekur að sér fyrir sveitarfélagið og íbúa þess svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, og önnur verkefni og kjör.

Björgunaraðgerðir

Björgunarfélagið Sigurgeir leitast við að vera undantekningalaust til taks við allar björgunaraðgerðir sem upp kunna að koma. Auk þess mun björgunarsveitin vinna með almannavörnum í sveitarfélaginu.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Skapist hætta eða almannavá í sveitarfélaginu, þá er Björgunarsveitin Sigurgeir tilbúin til að vera lögreglu, almannavörnum og sveitarfélaginu til reiðu við að hindra tjón eða leitast við að koma í veg fyrir að frekara tjón hljótist af þeirri vá er skapast hefur og koma íbúum til aðstoðar til að forað verðmætum frá tjóni.

Námskeið fyrir íbúa sveitarfélagsins

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að kaupa af björgunarsveitinni námskeið sem haldin verða fyrir íbúa sveitarfélagsins. Samstarf við grunnskólann þar um væri æskilegt. Meðal efnis sem tekið væri fyrir á slíkum námskeiðum væri til að mynda varðandi notkun GPS, rötun, ferðamennsku, skyndihjálp og fleira eftir samkomulagi beggja aðila. Miðað er við að hvert námskeið taki 3 klukkustundir að lengd og verð ca 40.000 kr.

Styrkur í formi greiðslu vegna verkefna

Sveitarfélagið samþykkir að greiða fyrir verkefni allt að 500.000 kr á ári hverju. Þau verkefni sem þar koma helst til greina eru gæsla í Þjórsárdal um stærstu ferðahelgar ársins og umferðastjórnun við fjárréttir.

Önnur verkefni

Um er að ræða lagning og stikun gönguleiða í Þjórsárdal eða víðar í sveitarfélaginu og aðstoð við gerð göngukorta. Auk þessa kæmu til greina verkefni tengd öryggi ferðamanna á ferð um hálendi sveitarfélagsins. Viðmiðunartímagjald 2.000-2.500 kr á mann. Á tæki 3.500 kr.

Endurgreiðsla á fasteignagjöldum

Sveitarfélagið samþykkir að endurgreiða Björgunarsveitinni Sigurgeir fjárhæð sem nemur fasteignagjöldum af húseign björgunarsveitarinnar Suðurbraut 1 við Árnes.

Gildistími

Samningur þessi gildi til ársloka 2017. Ef til uppsagnar kemur skal hún taka gildi við næstu áramót eftir uppsögn.

Árnesi júní 2013

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kristófer Tómasson sveitarsjóri

Fyrir hönd Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs

Björgvin Harðarson formaður

Egill Halldór Gunnarsson Gjaldkeri

Einar Bjarnason ritari

